

Skýringar með RSK 1.04

Skil á árinu 2004

Á árinu 2004 er lögaðilum skylt að skila skattframtali sínu á forminu RSK 1.04. Ennfremur er einstaklingum í atvinnurekstri með veltu yfir kr. 20 milljónum á árinu 2003 skylt að skila uppgjöri rekstrar síns á forminu RSK 1.04. Jafnframt er vakin athygli á að einstaklingar í atvinnurekstri með veltu undir kr. 20 milljónum eiga að skila uppgjöri rekstrar síns á eyðublaði RSK 4.11.

Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 má skila:

- Á eyðublaði RSK 1.04.
- Á disklingi ásamt undirritaðri forsiðu eyðublaðsins (fylla þarf út nafn, kennitölu og upplýsingar um álagningargrunn gjalda og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum).
- Með dulrituðum tölvupósti.
- Á netframtali ríkisskattstjóra, *rsk.is*.

Eindregið er mælt með því að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.

Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins eru ekki sendar með framtalinu, en fást afhentar hjá skattstjórum. Þær er einnig að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, *rsk.is*.

Vakin er athygli á að við skil einstaklinga í rekstri á RSK 1.04 skal yfirfærnanlegt tap ekki sett í reiti 4530 til 4610, heldur skulu einstaklingar halda utan um yfirfærnanlegt tap á samræmingarblaði RSK 4.05.

Vefskil á RSK 1.04

Nú verður í fyrsta skipti boðið upp á skil á RSK 1.04 í netframtali ríkisskattstjóra. Farið er inn á netframtalið í gegnum heimasíðuna *rsk.is* og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er að finna á forsiðu skattframtalsins, sem sent er áritað til framteljenda.

Notkun netframtalsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í netframtalinu innbyggð villuprófun, sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Með tilkomu vefskila á RSK 1.04, þá hefur ríkisskattstjóri hætt útgáfu sinni á sérstöku framtalsforriti, sem áður var notað við rafræn skil á skattframtali rekstraraðila.

Skil með tölvupósti og dulritun

Skila má RSK 1.04 með tölvupósti eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti og textaskrá búin til. Áður en skráin (framtalið) er flutt í tölvupóstforritið þarf að dulrita hana, skv. nánari leiðbeiningum þar um.

Gera þarf sérstakan samning við skattyfirvöld, sem kemur í stað hefðbundinnar undirskriftar. Eftir að sendingin hefur verið dulrituð og þar með jafnframt undirrituð, þá

verður efni hennar ekki breytt og einungis skattyfirvöld geta lesið hana.

Allir þeir, sem vilja skila RSK 1.04 með tölvupósti, þurfa að sækja um það til ríkisskattstjóra og fá þá úthlutað sérstökum dulritunarlykli.

Skattskil með RSK 1.04

Með skilum á RSK 1.04 skal, í öllum tilvikum, fylgja ársreikningur. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum heimasíðu ríkisskattstjóra, *rsk.is*.

Með skilum á RSK 1.04 skal einnig, eftir því sem við á, fylgja:

- RSK 4.01 Eignaskrá.
- RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar.

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila útfylltri 4. síðu landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 (bústofnshluta) ásamt RSK 1.04.

Eyðublöðunum RSK 10.26 og RSK 10.27 ber eftir atviki að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði RSK 10.25 vegna hvers virðisaukaskattsnumers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer.

Við framtalsskil er þess vænst að:

- Framtalsgögn séu hvorki heft né límd saman.
- Notuð séu árituð eyðublöð gjaldanda, eins og frekast er kostur, sé skilað á pappír.

Framhaldseyðublað RSK 4.14

Ef ekki eru nógu margar línur á RSK 1.04 til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framhaldsblað RSK 4.14. Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á RSK 1.04.

Sundurliða skal leiðréttingar skv. reitum 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu á framhaldsblaðinu.

Þar á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttingar, sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu RSK 1.04. Ef reitur 4400 á RSK 1.04 er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði RSK 4.14.

Öll framhaldsblöð verða að vera merkt með kennitölu.

Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði RSK 4.14, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í tölvutæk skil.

Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu á RSK 1.04

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsiðu framtalsins.

Skil á launaupplýsingum vegna álagningar tryggingagjalds

Breyting verður nú á skilum **skattskyldra lögaðila** á launaframtali og stofni til álagningar tryggingagjalds. Á árinu 2004 verða skil einstaklinga í rekstri og lögaðila á launaframtali með eftirfarandi hætti:

- Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á 6. síðu skattframtals rekstraraðila *RSK 1.04* og eiga þeir því **ekki** að skila hinu hefðbundna launaframtali *RSK 1.05*. Skilafrestur skattframtals lögaðila rennur út í lok maí 2004.
- Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003, skulu hins vegar skila launaframtali *RSK 1.05* á pappír, hafi þeir greitt laun eða viðbótarframlag í lífeyrissjóð á árinu 2003. Skilafrestur launaframtals *RSK 1.05* er til 26. janúar 2004 sé launamiðum skilað á pappír, en til 6. febrúar 2004 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.

Skil á launamiðum og samtalningsblaði

Þrátt fyrir að skattskyldir lögaðilar geri grein fyrir stofni til tryggingagjalds á bls. 6 á *RSK 1.04*, þá eiga þeir eftir sem áður að skila launamiðum 26. janúar 2004 (sé miðunum skilað á pappír) eða 6. febrúar 2004 (sé þeim skilað á tölvutæku formi).

Samtalningsblaði úr launakerfi, þar sem fram koma samtölur allra reita á launamiðum, sem sendir eru til skattstjóra, skal skilað með launamiðunum til afstemmingar við innlestur.

Skil á hlutafjármiðum og samtalningsblaði hlutafjár

Minnt skal á að öllum hlutafélögum og einkahlutafélögum ber að skila hlutafjármiðum *RSK 2.045* ásamt samtalningsblaði hlutafjár *RSK 2.04* til skattstjóra. Á hlutafjármiðum þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um hlutafjáreign hluthafa í árslok og greiddan arð til þeirra á árinu 2003. Sömu skilafrestir eiga við um skil hlutafjármiða og launamiða.

Með sama hætti eiga samvinnufélög að skila stofnsjóðs- miðum *RSK 2.065* og samtalningsblaði stofnsjóðs *RSK 2.06*.